

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Ársreikningur 2021

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

kt. 510169-4339

EFNISYFIRLIT

Áritun óháðs endurskoðanda.....	3
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	10
Skýringar.....	11
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	27
Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2022 - Útdráttur.....	29
Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.....	30
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	32

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf (hér eftir "sjóðurinn"). fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2021, efnahag hans 31. desember 2021, breytingu á handbæru fé á árinu 2021 og tryggingafræðilegri stöðu hans þann 31. desember 2021, í samræmi við þau lög og reglur sem um ársreikninga lífeyrissjóða gilda og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Við höfum eftir okkar bestu vitund ekki veitt sjóðnum neina aðra þjónustu en endurskoðun ársreiknings og þar með uppfyllt ákvæði 1.tl 5.gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og erum þannig óháðir sjóðnum við endurskoðun ársreiknings hans.

Við vorum áfram kjörnir endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 29. júní 2021 en þá hafði félagið verið endurkjörð sem endurskoðandi síðan á aðalfundi sjóðsins árið 2012 en áritunarendurskoðandi kom fyrst að endurskoðun ársreiknings sjóðsins vegna ársins 2019. Við vorum ráðnir af stjórn sjóðsins.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á og teljum álit okkar vera í samræmi við viðbótarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar sjóðsins.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunarinnar eru þeir þættir, sem samkvæmt okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkur á ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021. Fyrir þessa lykilþætti látum ekki í ljós sérstakt álit heldur eru þeir hafðir til hliðsjónar við endurskoðun ársreikningsins í heild og við ákvörðun okkar á álit á honum.

Mat og tilvist fjárfestinga

Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, skuldabréfum, sjóðfélagalánum og öðrum fjárfestingum. Fjárfestingarnar eru í vörslu banka og eru þær um 98,7% af eignum sjóðsins og því lykilþáttur endurskoðunar okkar að staðfesta tilvist og mat þeirra og sérstaklega þess hluta sem ekki er á virkum markaði. Nánar vísað í skýringar 1.8 og 6 um fjárfestingar.

Viðbrögð okkar við þessum lykilþætti miðuðu að því að leggja mat á forsendur og matsaðferðir sjóðsins við útreikninga sína og athuga með tilvist fjárfestinganna.

- Við yfirförum ferli vegna fjárfestinganna og matsaðferða
- Við yfirförum mat óskráðra fjárfestinga sérstaklega og flokkun þeirra í þrepaskiptingu gangvirðis
- Við yfirförum tengdar, viðeigandi skýringar í ársreikningi

Lífeyrir og lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 21,7 milljörðum kr. í lok árs 2021 að teknu tilliti til áætlaðs rekstrarkostnaðar 2022 og voru endurmetnar eignir sjóðsins til tryggingafræðilegs uppgjörs 24,7 milljarðar kr. eða 3,0 milljörðum kr. umfram skuldbindinguna. Eignir umfram skuldbindingar námu því 14,0% af skuldbindingum.

Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af óháðum tryggingastærðfræðingi en í ljósi mikilvægi þessarar stöðu þá er útreikningurinn lykilþáttur í okkar endurskoðun. Vísun nánar í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu í ársreikningi og skýringu 7.1 til frekari glöggvunar.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Lífeyrir og lífeyrisskuldbinding frh:

Viðbrögð okkar við þessum lykilkætti miðuðu að því að leggja mat á þær forsendur sem tryggingastærðfræðingurinn notaði við sitt mat á lífeyrisskuldbindingunni. Þannig framkvæmdum við eftirfarandi aðgerðir:

- Unnum greiningaraðgerðir, samanburð á lífslíkum lífeyrisþega á tilteknum aldri
- Yfirforum útreikninga og ýmsar forsendur með tryggingastærðfræðingum
- Lögðum mat á hæfni og óháði tryggingastærðfræðingsins
- Skýringar með ársreikningi og yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu var yfirfarið m.t.t. reglna um framsetningu

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati og viðhöfum faglega tortryggni. Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikning sjóðsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi að okkur mati, víkjum við frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Það höfum við gert.

Við upplýstum stjórn og endurskoðunarnefnd um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og þau verulegu atriði sem upp kynnu að koma í endurskoðun okkar. Við lýstum því einnig yfir við endurskoðunarnefnd sjóðsins að við hefðum metið óhæði okkar samkvæmt þeim faglegu kröfum sem til endurskoðenda eru gerðar vegna endurskoðunar á ársreikningum eininga tengdum almannahagsmunum, þ.m.t. samkvæmt siðareglum þeim sem endurskoðendum eru settar.

Við höfum upplýst endurskoðunarnefnd um þá þætti sem við teljum lykilþætti í endurskoðun okkar. Er þeim lýst hér í áritun okkar, nema lög eða reglur banni að upplýst sé um þá.

Reykjavík, 25. apríl 2022



Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingarsjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Við gerð ársreiknings er byggt á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Meginreglan er sú að eignir skuli metnar á gangvirði, á þessari reglu er byggt í ársreikningi.

Iðgjöld til sjóðsins voru 7,4 millj. kr. vegna 8 sjóðfélaga, en þau voru 13 millj. kr. árið áður. Að auki fékk sjóðurinn 3,6 millj. kr. framlag úr ríkissjóði vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 1.536 millj. kr. sem er 12% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 396 en að meðaltali þáðu 379 lífeyrisþegar greiðslur úr sjóðnum í mánuði hverjum.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 27.921 millj. kr. í árslok 2021. Á árinu hækkaði hún um 1.886 millj. kr. eða um 7,2%. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 21.670 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar nema 3.027 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Arion banki hf. annast rekstur sjóðsins. Laun stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 8,64 millj. kr. á árinu.

Árið 2021 var sjóðnum farsælt. Erlend og innlend hlutabréf voru þeir eignaflokkar sem skiluðu bestu ávöxtun ársins 2021. Heimsvísitala hlutabréfa (e. MSCI World Index) hækkaði um 20,1% í Bandaríkjadal eða um 22,1% í íslenskum krónum á árinu. Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði náði sér á strik efir mestu lækkun frá efnahagshruni í marsmánuði árið áður og hækkaði Úrvalsvísitala hlutabréfa um 33% á árinu 2021.

Eignasafn sjóðsins og fjárfestingastefna er íhaldssöm og varfærin og hlutfall innlendra skuldabréfa því hátt. Stýrivextir Seðlabanka Íslands náðu lágmarki í lok ársins 2020 þegar þeir voru 0,75% en standa nú í 2,75%. Vaxtahækkunarferli er hafið og ljóst er að markaðsaðilar vænta þess að vextir komi til með að hækka enn frekar. Ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa var á bilinu 6,0% til 7,7% og ávöxtun óverðtryggðra frá -2,8% til 0,1%. Innlent skuldabréfasafn sjóðsins er að megninu til verðtryggt.

Vægi skuldabréfa og varfærin fjárfestingarstefna skila farsælli niðurstöðu og er raunávöxtun ársins 2021 8,25% en meðaltal raunávöxtunar sl. tíu ár er 5,68%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð um 14% í árslok 2021. Það er ljóst að óvissa ríkir enn á mörkuðum þó heimsfaraldur hafi rénað gættir áhrifa hans enn og þá hefur stríð í Evrópu ófyrirséð áhrif, góð tryggingafræðileg staða LSBÍ bendir til þess að sjóðurinn geti staðið af sér óvissu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á árinu 2021 og efnahag hans 31. desember 2021 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn LSBÍ leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttalýsingu fyrir árið 2021 sem birt er í heild sinni í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn LSBÍ birtir samantekt á ófjárhagslegum upplýsingum úr starfsemi sjóðsins í sérstöku yfirliti í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. apríl 2022

Stjórn

Ársæll Hafsteinsson

Stjórnarformaður

Tryggvi E. Geirsson

Brynja Þorbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Snædís Ögn Flosadóttir

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2021

	Skýr.	2021	2020
Iðgjöld	1.4; 2		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.604	2.773
Iðgjöld launagreiðenda		5.774	9.984
		<u>7.378</u>	<u>12.757</u>
Sérstök aukaframlög	2.1	3.635	3.358
		<u>11.013</u>	<u>16.115</u>
Lífeyrir	1.5; 3		
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	(1.535.577)	(1.370.922)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	3.2	(47)	(113)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.3	(304)	(266)
		<u>(1.535.928)</u>	<u>(1.371.301)</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	1.6; 4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1-2	1.878.662	879.534
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.3	1.560.446	1.425.971
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		6.738	13.573
Ýmsar fjárfestingartekjur		155	9
Fjárfestingargjöld	4.4	(11.041)	(10.573)
		<u>3.434.960</u>	<u>2.308.514</u>
Rekstrarkostnaður	1.7		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.1	(24.085)	(23.625)
		<u>(24.085)</u>	<u>(23.625)</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		1.885.960	929.703
Hrein eign frá fyrra ári		26.035.323	25.105.620
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>27.921.283</u>	<u>26.035.323</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Fjárfestingar	1.8; 6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	6.1	8.392.656	6.780.566
Skuldabréf	6.2	19.222.104	18.793.369
		<u>27.614.760</u>	<u>25.573.935</u>
Kröfur	1.9		
Kröfur á launagreiðendur		645	965
Aðrar kröfur		589	9
		<u>1.234</u>	<u>974</u>
Handbært fé			
Handbært fé	1.10	365.998	499.141
		<u>27.981.992</u>	<u>26.074.050</u>
Eignir samtals			
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	1.11		
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		59.917	33.888
Aðrar skuldir		792	4.839
		<u>60.709</u>	<u>38.727</u>
Skuldir samtals			
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>27.921.283</u>	<u>26.035.323</u>
Skuldbindingar utan efnahags	7.2		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2021

	Skýr.	2021	2020
Inngreiðslur			
Löggjöld		11.333	16.521
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		1.758	2.241
Aðrar inngreiðslur		155	9
		<u>13.246</u>	<u>18.771</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	(1.514.034)	(1.362.347)	
Rekstrarkostnaður	(21.716)	(21.138)	
Aðrar útgreiðslur	(13.905)	(13.254)	
	<u>(1.549.655)</u>	<u>(1.396.739)</u>	
Útgreiðslur umfram innborganir	(1.536.409)	(1.377.968)	
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	64.304	16.199	
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(1.696.597)	(1.315.762)	
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.898.865	1.594.053	
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	1.099.804	1.024.332	
Keypt skuldabréf	(1.578.460)	(1.505.522)	
Seld skuldabréf	1.610.368	1.578.969	
	<u>1.398.284</u>	<u>1.392.269</u>	
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé	(138.125)	14.301	
Gengismunur af handbæru fé	4.982	11.331	
Handbært fé í upphafi árs	499.141	473.509	
Handbært fé í lok árs	<u>365.998</u>	<u>499.141</u>	

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2021

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

	Skýr 7.1	31.12.2021		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:				
Hrein eign til greiðslu lífeyris		27.921.283	0	27.921.283
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(3.250.675)	0	(3.250.675)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		0	0	0
Núvirði framtíðariðgjalda		0	26.154	26.154
Eignir samtals		<u>24.670.608</u>	<u>26.154</u>	<u>24.696.763</u>
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir		17.953.485	63.095	18.016.580
Örorkulífeyrir		175.200	479	175.679
Makalífeyrir		2.806.636	4.367	2.811.003
Barnalífeyrir		0	133	133
Dánarbætur		87.302	0	87.302
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		576.636	2.585	579.221
Skuldbindingar samtals		<u>21.599.259</u>	<u>70.658</u>	<u>21.669.917</u>
Eignir umfram skuldbindingar		<u>3.071.349</u>	<u>(44.503)</u>	<u>3.026.845</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		14,2%	(63,0%)	14,0%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		12,6%	(65,5%)	12,2%

		31.12.2020		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:				
Hrein eign til greiðslu lífeyris		26.035.323	0	26.035.323
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		(2.874.930)	0	(2.874.930)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa		(402.037)	0	(402.037)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	34.621	34.621
Eignir samtals		<u>22.758.357</u>	<u>34.621</u>	<u>22.792.978</u>
Skuldbindingar:				
Ellilífeyrir		16.816.929	89.742	16.906.671
Örorkulífeyrir		173.215	786	174.001
Makalífeyrir		2.606.964	6.253	2.613.217
Barnalífeyrir		0	133	133
Dánarbætur		82.545	0	82.545
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		529.497	3.539	533.036
Skuldbindingar samtals		<u>20.209.150</u>	<u>100.452</u>	<u>20.309.602</u>
Eignir umfram skuldbindingar		<u>2.549.207</u>	<u>(65.831)</u>	<u>2.483.376</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		12,6%	(65,5%)	12,2%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		10,3%	(65,2%)	9,8%

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

1.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

1.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

1.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

1.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Sjóðurinn greiðir dánarbætur og falla þær hér undir sem og gjald til starfsendurhæfingarsjóðs.

1.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.4 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknarir vegna vörslu sem og aðrar þóknarir vegna verðbréfa. Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins þar með talið þóknarir vegna eignastýringar, aðrar en þær sem taldar eru upp hér að ofan, og þóknun vegna innri endurskoðunar. Sundurliðun fjárfestingargjalda má sjá í skýringu 4.4.

1.7 Rekstrarkostnaður

Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins og ber kostnað vegna innri endurskoðunar, en sjóðurinn greiðir sjálfur laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar ásamt hlutdeild í launum áhættustjóra, eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt.

SKÝRINGAR

1.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fjárfestingu með veði í íbúðarhúsnæði.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 6.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

1.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar á afskriftarrekning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærsla er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

1.11 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

1.12 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna.

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015 kveða á um að eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar á opinberu gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir sbr. 32. reglnanna. Sú breyting tók gildi þann 1. apríl 2020 að Seðlabanki Íslands birtir aðeins miðgengi gjaldmiðla. Með hliðsjón af því eru eignir og skuldir lífeyrissjóða í erlendri mynt því umreiknaðar miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands.

Meðalgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok tímabilsins var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2021	2020	31.12.2021	31.12.2020
Evra.....	EUR	150,19	154,52	147,60	156,10
Bandaríkjadalur.....	USD	127,05	135,27	130,38	127,21
Sterlingspund.....	GBP	174,71	173,59	175,73	173,55
Dönsk króna.....	DKK	20,20	20,73	19,85	20,98
Norsk króna.....	NOK	14,78	14,42	14,77	14,93
Sænsk króna.....	SEK	14,81	14,75	14,39	15,57

SKÝRINGAR

1.13 Áhættustjórnun

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 8.

2. IÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög

	2021	2020
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði	3.635	3.358

3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2021	2020
Ellilífeyrir	1.370.435	1.228.136
Örorkulífeyrir	47.957	33.854
Makalífeyrir	114.819	106.558
Barnalífeyrir	85	0
	1.533.296	1.368.548
Dánarbætur	2.281	2.374
	1.535.577	1.370.922

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2021	2020
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	47	113

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiða til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldstofni á hverjum tíma.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2021	2020
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	304	266

4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum greinast þannig:

	2021	2020
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	1.829.228	712.939
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	(14.870)	150.396
Arður af hlutabréfum	62.999	15.559
Endurgreidd umsýsluþóknun sjóða	1.305	640
	1.878.662	879.534

SKÝRINGAR

4.2 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismuni af eignarhlutum í félögum og sjóðum skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörssársins.

	2021	2020
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	350.163	78.678
Stefnir - ÍS 5	296.490	32.530
Jarðvarmi slhf.	42.100	1.904
Arion banki hf.	268.170	28.471
Marel hf.	43.409	86.345
SSgA World IDX EQ-I -EUR	92.663	29.442
SSgA World IDX EQ-I -USD	50.498	46.867
JPMorgan Liquidity Funds - U.S. Dollar Lic F	(38)	4.135
Pimco Euro Inc. BD-INS. Acc.	287	6.210
Reitir fasteignafélag hf	31.617	7.568
HSV eignarhaldsfélag slhf.	17	(4.160)
ST1 hs.	11.744	10.196
Blávarmi slhf.	27.626	0
Pimco GIS Income Fund (USD)	4.069	13.258
Capital Group - New Perspective Fund USD	23.891	55.580
Wellington Global Research Equity	28.648	30.374
Katla Fund Global Value	43.998	8.056
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund	1.118	12.670
Hvatning slhf	65.172	(11.335)
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	47.313	47.335
Önnur félög og sjóðir	400.273	228.815
	1.829.228	712.939

4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði að undanskyldum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum sem eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2021	Samtals 2020
Skuldabréf með ríkisábyrgð	844.817	(13.929)	830.888	904.913
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	109.682	0	109.682	35.378
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	70.812	(256)	70.556	142.176
Önnur verðbréf	535.857	7.395	543.252	334.932
	1.561.168	(6.790)	1.554.378	1.417.399
	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2021	Samtals 2020
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	6.066	0	6.066	8.570
	6.066	0	6.068	8.572
	1.567.234	(6.790)	1.560.446	1.425.971

4.4 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	Áætluð og		Fjárf.gjöld Samtals	Meðalstaða eigna í sjóðum	Hlutfall fjárf.gjalda af meðaleign
	Bein fjárf.gjöld	reiknuð fjárf.gjöld			
Fjárfestingargjöld 2021					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	16.884	16.884	1.000.747	1,7%
Aðrir innlendir sérhæfðir sjóðir	0	36.868	36.868	1.711.342	2,2%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	12.466	12.466	2.201.808	0,6%
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0	297	297	16.997	1,7%
Vörslubókun	9.145	0	9.145		
Miðlunarbókanir	1.896	0	1.896		
	11.041	66.515	77.556	4.930.894	
Fjárfestingargjöld 2020					
Innlendir sérhæfðir sjóðir fyrir almenning	0	14.328	14.328	828.823	1,7%
Aðrir innlendir sérhæfðir sjóðir	0	30.284	30.284	1.275.242	2,4%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	13.046	13.046	2.138.946	0,6%
Vörslubókun	8.998	0	8.998		
Miðlunarbókanir	1.575	0	1.575		
	10.573	57.658	68.231	4.243.011	

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2021 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og sérhæfðum sjóðum fyrir almenning og hins vegar hjá öðrum sérhæfðum sjóðum. Áætlaður kostnaður sjóðanna er viðvarandi gjöld þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Viðvarandi gjöld sjóðanna eru innifalin í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að frádregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

SKÝRINGAR

5. REKSTRARKOSTNAÐUR

5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	9.920	9.145
Kostnaður vegna tryggingastærðfræðings	1.834	2.210
Lögfræðikostnaður	26	639
Endurskoðun	1.850	1.320
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	5.928	5.322
Áhættustjóri	2.862	2.681
Annar rekstrarkostnaður	1.665	2.308
	<u>24.085</u>	<u>23.625</u>

5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2021	2020
Ársæll Hafsteinsson, formaður stjórnar	1.380	0
Brynja Þorbjörnsdóttir, stjórnarmaður og í endurskoðunarnefnd	2.490	2.233
Jóhannes Þór Ingvarsson, stjórnarnarmaður og í endurskoðunarnefnd	1.556	2.568
Lára Jóhannsdóttir, endurskoðunarnefnd	81	0
Tryggvi E. Geirsson, stjórnarmaður og form. endurskoðunarnefndar	2.882	2.643
Þórunn Kristinsdóttir, endurskoðunarnefnd	253	485
	<u>8.642</u>	<u>7.929</u>

5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2021	2020
Endurskoðun ársreiknings	<u>1.850</u>	<u>1.320</u>

5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig:

	2021	2020
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	1.170	1.055
Önnur þjónusta	664	1.155
	<u>1.834</u>	<u>2.210</u>
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	285	228
	<u>2.119</u>	<u>2.438</u>

SKÝRINGAR

6. FJÁRFESTINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2021			31.12.2020		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð innlend hlutabréf						
Iceland Seafood International hf.	133.420	0,33%	68.097	113.587	0,34%	68.097
Skeljungur hf.	85.831	0,31%	41.809	54.219	0,30%	41.809
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	139.894	0,29%	49.292	129.215	0,35%	60.106
Reitir fasteignafélag hf.	172.751	0,26%	106.674	226.232	0,41%	167.717
Reginn hf.	98.967	0,16%	70.332	113.566	0,27%	117.520
Vátryggingafélag Íslands hf.	62.118	0,16%	29.164	68.375	0,25%	45.446
Arion banki hf.	453.342	0,13%	189.567	318.334	0,18%	265.964
Festi hf.	92.715	0,13%	52.413	139.767	0,24%	103.516
Marel hf.	376.156	0,06%	113.029	385.635	0,06%	128.524
Kvika banki hf.	40.200	0,03%	41.334	0	0,00%	0
Íslandsbanki hf.	62.301	0,02%	39.000	0	0,00%	0
Icelandair Group hf.	0	0,00%	0	4.442	0,01%	60.009
	<u>1.717.695</u>		<u>800.711</u>	<u>1.553.372</u>		<u>1.058.708</u>
Óskráð innlend hlutabréf						
TFII slhf.	123.825	3,03%	75.000	93.675	3,03%	75.000
HSV eignarhaldsfélag slhf.	231.685	2,09%	109.944	163.660	2,09%	41.935
Jarðvarmi GP ehf.	107	2,05%	107	107	2,05%	107
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður II	55.033	1,91%	53.806	15.597	1,49%	15.597
Innviðir fjárfestingar slhf.	73.350	1,82%	78.905	55.780	1,82%	57.487
Edda slhf.	46.981	1,70%	28.965	45.986	1,70%	30.929
Hvatning slhf.	185.791	1,56%	131.954	120.619	1,56%	131.954
Bakkastakkur slhf.	33.904	1,46%	75.824	420	1,46%	41.953
Kjölfesta slhf.	32.464	1,39%	30.330	31.109	1,39%	30.330
Veðskuld II slhf.	6.781	1,38%	55	6.024	1,38%	55
Jarðvarmi slhf.	418.670	1,38%	208.106	376.570	1,38%	208.106
SÍA II slhf.	3.980	1,33%	1.788	14.375	1,33%	11.314
SÍA II GP hf.	52	1,33%	53	53	1,33%	53
Horn III slhf.	113.672	1,25%	127.250	77.152	1,25%	127.250
Alda Credit Fund II slhf.	22.104	1,23%	18.000	21.348	1,23%	18.000
Landsbréf - Veðskuldabréfasjóður slhf.	6.981	1,14%	6.148	7.532	1,14%	6.148
Blávarmi slhf.	211.415	1,14%	183.383	142.537	0,94%	142.131
Sameinað Sílikon	0	1,07%	76.041	0	1,07%	76.041
Horn II slhf.	2.062	0,99%	13.830	5.968	0,99%	34.942
Blávarmi GP	40	0,99%	40	40	0,99%	40
SÍA III GP hf.	34	0,97%	39	35	0,97%	39
SÍA III slhf.	103.366	0,97%	80.090	88.235	0,97%	80.090
ACF III slhf.	11.682	0,28%	11.000	9.103	0,28%	9.103
	<u>1.683.979</u>		<u>1.310.658</u>	<u>1.275.925</u>		<u>1.138.604</u>
Skráð erlend hlutabréf						
Globalstar, Inc.	0	0,00%	0	18	0,00%	399
	<u>0</u>		<u>0</u>	<u>18</u>		<u>399</u>
Hlutabréf samtals.	<u>3.401.674</u>		<u>2.111.369</u>	<u>2.829.315</u>		<u>2.197.711</u>

SKÝRINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2021			31.12.2020		
	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð	Gangvirði	Eignarhlutur	Kostnaðarverð
Innlend hlutdeildarskírteini						
Stefnir-Íslenski Athafnasjóðurinn I	11.414	4,74%	3.573	17.088	4,74%	3.573
Stefnir - ÍS 5	677.939	3,72%	133.221	451.450	3,59%	148.490
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	944.906	2,61%	424.270	769.746	3,31%	499.929
ST1 hs.	223.243	2,22%	178.271	171.229	2,37%	138.000
Akta - HL1	102.948	1,62%	30.000	56.515	1,52%	30.000
Alpha hlutabréfasjóður / Íslandssjóðir .	39.476	0,92%	26.900	0	0,00%	0
GAMMA: Iceland Fixed Income Fund ...	127.090	0,89%	82.000	125.015	0,69%	72.000
Kvika - IHF	74.964	0,88%	41.138	47.930	0,92%	41.138
Stefnir - Sparifjár sjóður hs.	0	0,00%	0	180.048	1,41%	180.000
	<u>2.201.980</u>		<u>919.373</u>	<u>1.819.021</u>		<u>1.113.130</u>
Erlend hlutdeildarskírteini						
Wellington Global Property Portfolio ...	86.834	0,43%	68.890	25.168	0,97%	25.835
Katla Fund Global Value	157.533	0,41%	68.695	165.631	0,54%	90.419
Wellington Global Research Equity	163.260	0,16%	74.690	161.271	0,35%	90.799
Ashmore E.M Frontier EQ-Z2AU (USD)	24.730	0,16%	18.742	19.350	0,17%	18.742
FAG-Fidelity Funds -						
Inst Emerging Markets Eq USD	72.325	0,10%	43.939	69.583	0,06%	43.939
Pimco Euro Inc. BD-INS. Acc.	237.518	0,06%	223.129	184.731	0,04%	159.832
DNB Fund						
High Yield Institutional A (NOK)	64.827	0,04%	56.565	60.334	0,12%	56.565
JPMorgan Liquidity Funds -						
U.S. Dollar Lic F	478.194	0,04%	473.182	0	0,00%	0
Montanaro						
European Smaller Companies Fund	34.824	0,04%	15.483	43.005	0,06%	23.316
SSgA World IDX EQ-I -EUR	352.480	0,03%	162.107	323.796	0,05%	182.122
Pimco Gis Euro Credit Inc- Acc	48.751	0,03%	49.955	155.572	0,09%	146.399
DNB Fund						
High Yield Institutional B (EUR)	45.846	0,03%	46.657	0	0,00%	0
SSgA World IDX EQ-I -USD	281.761	0,03%	129.019	244.417	0,03%	139.753
Seilern World Growth - USD	80.542	0,03%	26.590	70.154	0,04%	30.228
JPMorgan Liq Funds -						
EUR Liquidity Fund	38.309	0,02%	38.715	27.497	0,01%	25.169
New Mountain Guardian III BDC, L.L.C.	25.972	0,02%	24.419	0	0,00%	0
JPMorgan Funds -						
Global Bond Opportunities Fund	158.695	0,02%	123.169	153.666	0,02%	123.169
NB Private Debt Fund IV LUX (A) SCSP .	16.376	0,01%	15.990	0	0,00%	0
iShares MSCI World -ETF	14.714	0,01%	9.214	11.926	0,01%	9.214
Capital Group						
New Perspective Fund - LUX (USD)	147.905	0,01%	81.811	181.929	0,01%	111.094
Wellington						
Global Quality Growth fund (USD)	50.439	0,00%	23.952	48.236	0,00%	27.450
Pimco GIS Income Fund (USD)	176.336	0,00%	136.228	161.389	0,00%	129.627
iShares Core MSCI						
World UCITS ETF USD (Acc.)	30.831	0,00%	18.410	24.575	0,00%	18.410
	<u>2.789.002</u>		<u>1.929.551</u>	<u>2.132.230</u>		<u>1.452.082</u>
Hlutdeildarskírteini samtals	<u>4.990.982</u>		<u>2.848.924</u>	<u>3.951.251</u>		<u>2.565.212</u>
Eignarhlutir og sjóðir samtals	<u>8.392.656</u>		<u>4.960.293</u>	<u>6.780.566</u>		<u>4.762.923</u>

SKÝRINGAR

6.2 Skuldabréf greinast þannig:

a) Skuldabréf á gangvirði greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Skuldabréf með ríkisábyrgð	11.987.590	11.942.047
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	1.157.545	730.551
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastofnana	747.848	1.065.707
Önnur verðbréf	5.261.395	4.953.271
	<u>19.154.378</u>	<u>18.691.576</u>

b) Útlán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Sjóðfélagar	67.726	101.793
	<u>67.726</u>	<u>101.793</u>
Skuldabréf samtals	<u>19.222.104</u>	<u>18.793.369</u>

6.3 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum greinast þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
ISK	24.220.596	22.400.032
USD	2.266.275	2.100.292
EUR	951.024	984.156
NOK	64.827	60.334
SEK	58.941	29.121
GBP	53.097	0
	<u>27.614.760</u>	<u>25.573.935</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2021	31.12.2020
Eignir í íslenskum krónum	87,71%	87,59%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	12,29%	12,41%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

6.4 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í lok árs 2021	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2021	Gangvirði 31.12.2021
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	8.392.656	0	0	8.392.656	8.392.656
Skuldabréf	19.154.378	67.726	0	19.222.104	19.222.104
	<u>27.547.034</u>	<u>67.726</u>	<u>0</u>	<u>27.614.760</u>	<u>27.614.760</u>

Fjárfestingar í árslok 2020	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2020	Gangvirði 31.12.2020
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	6.780.566	0	0	6.780.566	6.780.566
Skuldabréf	18.691.576	101.793	0	18.793.369	18.793.369
	<u>25.472.142</u>	<u>101.793</u>	<u>0</u>	<u>25.573.935</u>	<u>25.573.935</u>

6.5 Þrepaskipting gangvirðis:

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2021
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.763.241	4.668.432	1.960.983	8.392.656
Skuldabréf	13.028.030	5.288.101	838.247	19.154.378
	<u>14.791.271</u>	<u>9.956.533</u>	<u>2.799.230</u>	<u>27.547.034</u>

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2020
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.589.889	3.726.435	1.464.242	6.780.566
Skuldabréf	12.314.779	5.843.793	533.004	18.691.576
	<u>13.904.668</u>	<u>9.570.228</u>	<u>1.997.246</u>	<u>25.472.142</u>

Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	31.12.2021
Staða í ársbyrjun	1.997.246
Keypt á árinu	691.853
Selt á árinu og arðgreiðslur	(161.002)
Afborganir	(65.521)
Flutt í þrep 3	0
Hrein gangvirðisbreyting	335.172
Gangvirðismunur v. erlendra gjaldmiðla	1.482
Staða í lok árs	<u>2.799.230</u>

7. ÖNNUR MÁL

7.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 21.670 milljónum kr. í árslok 2021 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2021 var 24.697 milljónir kr. eða 3.027 milljónum hærrí eða sem nemur 14%. Lífeyrissjóður Búnaðarbanka Íslands hf. leggur lífslíkutöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga er byggja á spá um lífslíkur til framtíðar til grundvallar mats á lífeyrisskuldbindingum en ekki töflur er byggja á lífslíkum byggðum á reynslu. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2021	31.12.2020
Eignir:		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörðs í árslok	24.696.763	22.792.978
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörðs í ársbyrjun	22.792.978	22.556.200
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	1.903.785	236.778
Skuldbindingar:	31.12.2021	31.12.2020
Skuldbindingar í árslok	21.669.917	20.309.602
Skuldbindingar í ársbyrjun	20.309.602	20.544.607
Hækkun (Lækkun) skuldbindinga á árinu	1.360.315	(235.004)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	543.470	471.782

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2021	2020
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	19.679.653	19.943.472
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	1.690.047	1.426.857
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	19.203	36.086
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(1.535.577)	(1.370.922)
Lækkun vegna nýrra lífslíkataflna	0	(165.432)
Réttindaukning	983.983	0
Hækkun (Lækkun) vegna annarra breytinga	185.315	(190.407)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	21.022.623	19.679.653

7.2 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2021	31.12.2020
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	584.682	645.000
Heildarfjárfestingar	(393.098)	(376.578)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	191.584	268.422

8 ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

8.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur stjórn sjóðsins sett fram stefnu um áhættu í starfsemi lífeyrissjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins. Ábyrgðaraðili áhættustýringar ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu, sbr. 35. gr. a. í lögum nr. 129/1997 og 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

8.2 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hætta á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutiðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfellt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyrstryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum, sem geta haft áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf

	31.12.2021	31.12.2020
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	11,73%	10,46%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	6,85%	9,15%
Örorkulíkur auknar um 10%	13,95%	12,66%
Vísitala neysluverðs (VNV) hækkun ársins aukin um 0,5%	13,75%	12,37%
Gengisvísitala (GVT) lækkar um 10%	12,39%	10,94%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	13,94%	12,51%
Innlend/erlend markaðsskuldbréf lækka um 10%	5,99%	4,05%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	13,26%	11,85%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	11,54%	10,45%
Innlend og erlend hlutabréf lækka um 20% í uppgjörsmýnt, GVT hækkar um 15%	10,06%	9,37%

8.3 Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhættu með skýrslugjöf.

Álagspróf

	31.12.2021	31.12.2020
10% hækkun vísitölu neysluverðs.....	6,51%	6,74%

8.4 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Markaðsáhætta er sundurgreind í vaxta- og endurfjármögnunaráhættu, hlutabréfaáhættu, uppgreiðsluáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

a) Vaxta og endurfjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafns sjóðsins – en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu – og með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2021	31.12.2020
100 pt. hækkun verðtryggðra vaxta.....	-6,53%	-6,91%
200 pt. hækkun óverðtryggðra vaxta.....	-0,15%	-0,03%

b) Hlutabréfaáhætta

Markaðsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir markaðsáhættu með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á markaðsáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Álagspróf	31.12.2021	31.12.2020
30% lækkun innlendra hlutabréfa.....	-5,43%	-4,57%
20% lækkun erlendra hlutabréfa.....	-1,10%	-1,14%

c) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjaldmeyrisáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verði meira. Auknar sveiflur í gengi krónunnar hafa neikvæð áhrif á þennan mælikvarða auk þess sem staða sjóðsins í eignum í erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2021	31.12.2020
1 mán. fé í húfi m.v. við 99,5% öryggisbil.....	-0,45%	-0,77%

8.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldabréfasafn sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefanda	31.12.2021	31.12.2020
Ríki.....	61,90%	63,20%
Fjármálafyrirtæki.....	4,90%	6,70%
þar af sértryggð skuldabréf.....	3,40%	5,70%
Sveitarfélög.....	6,10%	3,90%
Fyrirtæki.....	26,7%	25,60%
Sjóðfélagalán.....	0,40%	0,50%

8.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Tafla 1 inniheldur 10 stærstu mótaðila LSBÍ í lok árs 2017 og til samanburðar sýnir Tafla 2 stöðuna í lok árs 2016. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina skv. lögum um lífeyrissjóði teljast einn aðili. Flokkað er niður á eignaflokka skv. 36. gr. a. í lífeyrissjóðslögum.

A og B: Ríkisskuldabréf (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), fasteignaveðtryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, innlán viðskiptabanka og sparisjóða, sértryggð skuldabréf skv. lögum þar um.

C og D: Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, fyrir utan víkjandi bréf, hlutir í verðbréfasjóðum skv. lögum þar um, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E og F: Hlutabréf félaga, hlutir eða hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fasteignir (OECD, evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), afleiður sem draga út áhættu sjóðsins og aðrir fjármálagerningar.

Útgefendur – 31.12.2021	Samtals	Eignaf. A og B	Eignaf. C og D	Eignaf. E og F
ÍL sjóður.....	39,42%	39,42%		
Arion banki hf.....	7,32%	2,02%	1,03%	4,27%
Reykjavíkurborg.....	5,67%	2,08%	3,59%	
Reitir fasteignafélag hf.....	3,81%		2,84%	0,97%
Reginn hf.....	2,58%		2,00%	0,58%
JP Morgan Investment Management Ltd.*	2,41%		2,41%	
State Street Global Advisors France*	2,27%		2,27%	
Landsvirkjun.....	2,24%		2,24%	
Eik fasteignafélag hf.....	2,17%		2,17%	
Landsbankinn hf.	2,07%	0,42%	0,54%	1,11%

Tafla 1 Stærstu mótaðilar LSBÍ í lok árs 2021. Horft er í gegnum hlutabréfasjóðina Stefnir - Innlend hlutabréf hs. og Stefnir – ÍS 5.

* Erlent sjóðastýringarfyrirtæki, sem starfrækja sjóði, sem LSBÍ fjárfestir í. Í hverjum sjóði eru ótal undirliggjandi eignir.

SKÝRINGAR

8.6 Samþjöppunaráhætta frh.,

Útgefendur – 31.12.2020	Samtals	Eignaf. A og B	Eignaf. C og D	Eignaf. E og F
ÍL sjóður.....	41,51%	41,51%		
Arion banki hf.....	6,70%	2,83%	0,77%	3,10%
Reykjavíkurborg.....	5,13%	1,69%	3,44%	
Landsvirkjun.....	4,25%	1,85%	2,40%	
Reitir fasteignafélag hf.....	3,71%		2,84%	0,87%
Íslandsbanki hf.....	2,58%	2,58%		
Marel hf.....	2,56%			2,56%
Reginn hf.....	2,44%		2,00%	0,44%
Kvika banki hf.....	2,41%		1,60%	0,81%
Landsbankinn hf.....	2,34%	0,97%	0,55%	0,82%

Tafla 2 Stærstu mótaðilar LSBÍ í lok árs 2020. . Horft er í gegnum hlutabréfasjóðina Stefir - Innlend hlutabréf hs. og Stefir – ÍS 5.

Niðurbrot mótaðilaáhhættu tengda Arion banka má sjá í töflu 3:

Eignaflokkur	31.12.2021	31.12.2020
Innlán.....	1,48%	2,28%
Sértryggð skuldabréf.....	0,54%	0,56%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum.....	0,07%	0,00%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga.	0,77%	0,77%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.....	0,18%	0,00%
Hlutabréf félaga.....	3,05%	1,93%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.....	1,23%	1,16%
Samtals:	7,32%	6,70%

Tafla 3 Skipting mótaðilaáhhættu Arion banka, horft í gegnum hlutabréfasjóðinn ÍS - 15.

8.7 Lausafjáraáhhætta

Lausafjáraáhhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfavíðskipta, greiðslur vegna reksturs á sjóðnum og flutningar á séreignarsparnaði. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáraáhhættu með því að greina vænt greiðslufærni og gæta þess að varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáraáhhættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2021	31.12.2020
Flokkur 1.....	59,4%	59,1%
Flokkur 2.....	28,3%	29,6%
Flokkur 3.....	12,4%	11,3%

8.8 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hætta á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta. Meðal þeirra rekstraráhættuþátta sem litið er til eru eftirfarandi:

- Starfsmannaáhætta: Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- Hætta á sviksemi: Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstraraðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- Orðsporsáhætta: Hætta á að hnekkir á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- Upplýsingatækniáhætta og öryggismál: Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- Lög og reglur: Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- Skjalaáhætta: Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfunar iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- Áhætta vegna útvistunar: Áhætta sem felst í útvistunarsamningum, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast geta milli sjóðsins og útvistunaraðila.
- Upplýsingaáhætta: Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- Verkferlar og framkvæmd: Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- Úrskurðaráhætta lífeyris: Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit	2021	2020	2019	2018	2017
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	13,97%	12,23%	9,79%	5,57%	4,14%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	14,22%	12,61%	10,29%	6,23%	5,05%
Hrein raunávöxtun					
Hrein raunávöxtun.....	8,25%	5,67%	8,43%	5,70%	7,16%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár.....	7,03%	5,45%	6,83%	5,75%	5,19%
síðustu 10 ár.....	5,68%	6,01%	6,65%	6,78%	6,00%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga					
Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	16,17%	14,41%	13,21%	10,96%	10,10%
Skráð skuldabréf %.....	67,23%	70,43%	69,91%	72,32%	71,07%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	14,23%	12,10%	11,91%	11,76%	13,71%
Óskráð skuldabréf %.....	2,14%	2,66%	4,49%	4,38%	4,43%
Veðlán.....	0,25%	0,40%	0,48%	0,57%	0,68%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum					
Eignir í íslenskum krónum.....	87,71%	87,59%	87,98%	90,14%	91,53%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	12,29%	12,41%	12,02%	9,86%	8,47%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>
Fjöldi					
Fjöldi virkra sjóðfélaga.....	8	13	19	21	29
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	453	460	468	476	479
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	379	356	351	348	338
Fjöldi lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.....	396	381	362	357	354
Hlutfallsleg skipting lífeyris					
Ellilífeyrir.....	89,38%	89,74%	89,41%	88,39%	88,02%
Örorkulífeyrir.....	3,13%	2,47%	2,06%	2,29%	3,14%
Makalífeyrir.....	7,49%	7,79%	8,52%	9,31%	8,83%
Barnalífeyrir.....	0,01%	0,00%	0,00%	0,01%	0,02%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit frh.	2021	2020	2019	2018	2017
Fjárhæðir á föstu verðlagi					
Iðgjöld alls.....	11.013	16.895	23.738	27.749	33.358
Lífeyrir alls.....	1.535.928	1.437.723	1.404.180	1.399.430	1.394.964
Hreinar fjárfestingartekjur.....	3.434.960	2.420.331	2.863.736	2.294.099	2.259.840
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	24.085	24.770	22.478	21.791	18.847
Hækkun (lækkun) á hreinni eign	1.885.960	974.735	1.460.816	900.628	879.388
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði.....	13.946,4%	8.509,7%	5.915,4%	5.043,2%	4.181,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum *.....	218,7%	146,6%	94,7%	78,5%	56,5%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	12,7%	9,0%	10,8%	8,8%	8,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

* Vakin er athygli á því að LSBÍ er lokaður sjóður og því greiddur einungis 8 sjóðfélagar iðgjöld í sjóðinn á árinu 2021. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður reiknaður sem hlutfall af iðgjöldum verður því hátt hlutfall.

FJÁRFESTINGARSTEFNA 2022 (ÚTDRÁTTUR)

Forsendur fjárfestingarstefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykka sjóðsins og samkvæmt reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Sjóðfélagi sem lætur af starfi og er orðinn 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Laun fyrri ára eru, við útreikning meðaltalsins, umreiknuð til samræmis við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og vísitala neysluverðs til verðtryggingar og eru áunnin réttindi hækkuð samhliða um 14%. Einnig er mögulegt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast greiðslur samkvæmt samþykktum sjóðsins. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnt ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur, þegar 60 ára aldri er náð, hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda. Gert er ráð fyrir því að allir sjóðfélagar sem eiga þess kost muni nýta sér þessa 95 ára reglu.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfali sjóðfélaga.

Í júlí 2013 var viðmiðum geymdra réttinda og lífeyris einnig breytt í vísitölu neysluverðs til verðtryggingar samhliða hækkun áunninna réttinda um 14%.

Samantekt þessi um ákvæði samþykka sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Verði líftryggingum hf.

	Flokkar verðbréfa	Stefna	Vikmörk
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	48%	35-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-5%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0-10%
	b. Innlán	1%	0-25%
	c. Sértryggð skuldabréf	3%	0-20%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	1%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	7%	0-40%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingafélaga	15%	0-30%
	b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	2%	0-10%
E	a. Hlutabréf félaga	5%	0-25%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	12%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals:	100%	

Tafla 1: Flokkar verðbréfa

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Skráð innlend hlutabréf	9%	0-20%
Óskráð innlend hlutabréf	6%	0-15%
Erlend hlutabréf	5%	0-15%

Tafla 2. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga

Eignaflokkar	Stefna	Vikmörk
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og vátryggingarfélag	6%	0-20%
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og vátryggingarfélag	2%	0-5%
Innlán og skuldabréf í erlendum gjaldmiðli (þ.m.t. peningamarkaðs- og skuldabréfasjóða)	5%	0-20%
Erlendar eignir	12%	0-40%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	2%	0-5%

Tafla 3. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Stjórnarháttayfirlýsing

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ), áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, birtir upplýsingar um stjórnarhætti með það að leiðarljósi að auka gagnsæi gagnvart sjóðfélögum og öðrum hagsmunaaðilum. Stjórn og framkvæmdastjóri LSBÍ telja mikilvægt að hlutverk og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila sem eiga aðkomu að rekstri sjóðsins séu skýr.

Stjórnarhættir LSBÍ eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum sjóðsins og í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Samþykktir sjóðsins eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum II. kafla í samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Stjórn hefur sett ýmsar reglur um starfsemina. Starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, samþykktir sjóðsins, samskipta og siðareglur eru aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu sjóðsins. Þar má jafnframt nálgast reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningþvætti, útvistarstefnu og verklagsreglur um verðbréfavíðskipti LSBÍ.

Stjórn framkvæmdi ekki árangursmat á störfum sínum á árinu 2021 í ljósi breytinga á stjórn en mun framkvæma slíkt mat 2022 og nýta sér niðurstöður þess til betrubæta enn frekar stjórnarhætti sína.

Almennt um sjóðinn

LSBÍ hefur gert samning við Arion banka um að annast daglegan rekstur sjóðsins og eignastýringu skv. sérstöku samkomulagi frá árinu 2007. Eignir LSBÍ skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktu sjóðsins og samkvæmt reglugerð Fjármálaráðuneytisins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banki hf. en enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu 2020. Samkvæmt samningi annast Arion banki ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Stjórn sjóðsins sér um að móta fjárfestinga- og áhættustefnu sjóðsins, ásamt því að setja sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er skylt að boða til ársfundar sjóðfélaga fyrir lok júní ár hvert, vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Allir sjóðfélagar eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti ásamt því að fara með eitt atkvæði hver. Sjóðfélagar teljast þeir sem voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1997 og áttu þá að baki a.m.k. 6 ára réttindi í Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. og tilkynntu sjóðnum ekki fyrir 1. júní 1998 að þeir óskuðu eftir flutningi frá A-deild sem þá var til samkvæmt reglugerð sjóðsins. Jafnframt eru sjóðfélagar þeir starfsmenn annarra stofnanna, sem áttu rétt á þátttöku í sjóðnum samkvæmt sérstöku samningum, sem gerðir voru við lífeyrissjóðinn fyrir 31. desember 1997. Að auki eru sjóðfélagar þeir sem njóta eili- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða eiga geymd réttindi í sjóðnum umfram 6 ár. Ársfundur LSBÍ 2021 var haldinn þann 29. júní í húsakynnum Arion banka hf. í Borgartúni 19. Þórunn Kristinsdóttir var kosin fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir var kosin fundarritari. Ársfundurinn var metinn lögmætur og ákvörðunarbær til þess að afgreiða dagskrárefni.

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar

Stjórn LSBÍ er skipuð af þremur stjórnarmönnum. Samkvæmt samþykktum sjóðsins kjósa sjóðfélagar tvo stjórnarmenn á tveggja ára fresti og tvo til vara. Arion banki hf. skal tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara og skal tilnefning þess stjórnarmanns sem tilnefndur er af Arion banki hf. og varamanns hans ekki vera til skemmri tíma hvert sinn. Stjórnarformaður er Ársæll Hafsteinsson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri LBI ehf., meðstjórnendur eru Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi og Brynja Þorbjörnsdóttir viðskiptafræðingur MBA. Varamenn eru Sigurður Kristjánsson, Ásta Eyjólfsdóttir og Lára Jóhannsdóttir.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Snædís Ögn Flosadóttir, en hún hóf störf 1. júlí 2015. Snædís býr að viðtækri reynslu innan eignastýringar og af rekstri lífeyrissjóða, er með BS gráðu í verkfræði frá Háskóla Íslands, próf í verðbréfavíðskiptum og hefur staðist hæfismat FME fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hann ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestinga- og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og að tryggja að skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildar áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksemi, ábyrgðir og heimildir starfsmanna Arion banka og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit í samstarfi við áhættustjóra sjóðsins og fylgjast með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnar frh.:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Endurskoðunarnefnd sér um að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga sjóðsins og hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og endurskoðun ársreikninga ásamt eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda. Jafnframt ber endurskoðunarnefnd að sjá um eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans og fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefnd setur auk þess fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Endurskoðunarnefnd var skipuð af stjórn þann 24. ágúst 2020 og í henni sitja Tryggvi E. Geirsson, formaður, Brynja Þorbjörnsdóttir og Jóhannes Þór Ingvarsson.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun lánanefndar sjóðsins sem tekur afstöðu til umsókna sjóðfélagaum breytingar á lánum skv. lánareglum sjóðsins en sjóðurinn hefur hætt nýjum lánveitingum til sjóðfélaga. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett henni með lánareglum sjóðsins, öðrum starfsreglum og þeirra laga sem gilda um neytendalán. Lánanefnd er skipuð af stjórn, í henni sitja Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri sjóðsins, Haraldur Yngvi Pétursson sjóðsstjóri og Sólveig Dröfn Ómarsdóttir sérfræðingur á viðskiptabankasviði.

Innra og ytra eftirlit og áhættustjórn sjóðsins

Arion banki hf. sér um innri endurskoðun sjóðsins. Innri endurskoðun er sjálfstætt starfandi og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Markmið innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Meðal verkefna innri endurskoðunar er að meta hvort heildar áhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast, ásamt því að leggja mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda. Innri endurskoðun sér svo um að gera stjórn sjóðsins grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Stjórn sjóðsins hefur tilnefnt regluvörð Arion banka hf. sem ábyrgðarmann aðgerða lífeyrissjóðsins gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þá hefur regluvörður einnig tekið að sér eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna. Regluvörður leggur árlega fyrir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkja eigi sjaldnar en árlega. Á sama fundi leggur regluvörður fram skýrslu eftirlit með verðbréfavíðskiptum starfsmanna og stjórnar.

Íslenskir endurskoðendur ehf. sjá um ytri endurskoðun sjóðsins og hafa sinnt því starfi frá árinu 2012. Markmið ytri endurskoðunar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningur sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Endurskoðendur upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun félagsins, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem koma fram í endurskoðun félagsins, ef við á.

Stjórn LSBÍ skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Áhættustefnan er þannig hluti af eftirlitskerfi sjóðsins og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar. Með virkri upplýsingagjöf eru stjórn og starfsmenn sjóðsins meðvitaðri um áhættu tengdar starfsemi og betur í stakk búnir að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustjóri LSBÍ er Valgeir Geirsson verkfræðingur. Áhættustýring Arion banka hf. sér um eftirlit með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og að hún sé innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Áhættustjóri gerir ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum sem lögð er fyrir stjórn. Árlega hefur áhættustjóri umsjón með framkvæmd eigin áhættumats í samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórn, þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti. Stjórn hefur sett sjóðnum útvistarstefnu og viðbúnaðaráætlun vegna útvistar mikilvægra verkefna og ber ábyrgð á fylgni sjóðsins við leiðbeinandi tilmæli 1/2019 um upplýsingaöryggi.

Stjórn LSBÍ setti sjóðnum persónuverndarstefnu á árinu 2018, í samræmi við lög 90/2018 og hefur birt hana á vefsíðu sinni. Á árinu 2019 tók regluvörður Arion banka við hlutverki persónuverndarfulltrúa sjóðsins. Árlega skilar Regluvörður skýrslu um framgang persónuverndarstefnu sjóðsins.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi

Hlutverk Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Starfsemi sjóðsins felst þannig einkum í varðveislu og ávöxtun lífeyrissparnaðar sjóðfélaga með það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur þeirra. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Rekstur LSBÍ er í höndum Arion banka skv. sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann og sinna því starfsmenn hans rekstri og eignastýringu sjóðsins.

Umhverfi og samfélag

Samfélagsábyrgð skiptir LSBÍ miklu máli og hefur sjóðurinn að leiðarljósi stjórnunarlega hugmyndafræði sem gengur út á að fyrirtæki og stofnanir viðhaldi jafnvægi á milli fjárhags-, umhverfis- og samfélagsþátta og hugi að öllum þessum þáttum við stefnumótun og ákvörðunartöku. Við mat á samfélagsþáttum er mikilvægt að skilgreina hvað í starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er veigamest með tilliti til samfélagsþátta og sjálfbærni.

Ein höfuðskylda LSBÍ þegar kemur að samfélagsábyrgð lítur að skilgreindu hlutverki hans um að varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Þetta gerir sjóðurinn með því að sýna eftir fremsta megni ábyrgð í fjárfestingum sínum byggt á þeim forsendum sem fyrir liggja hverju sinni, leggja áherslu á góða stjórnarhætti, fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál og góðum árangri í starfsemi sjóðsins.

Allur rekstur og starfsemi sjóðsins er í höndum Arion banka og vísast því til ófjárhagslegrar upplýsingagjafar bankans hvað varðar umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti bankans í árs og samfélagsskýrslu Arion banka 2021 vegna rekstrarþátta sjóðsins, eftir því sem við á.

Skýrslu Arion banka má nálgast hér:

<https://arsskyrsla2021.arionbanki.is/>

Ábyrgar fjárfestingar og góðir stjórnarhættir

Stjórn LSBÍ hefur sett sjóðnum stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu og eru stefnurnar aðgengilegar sjóðfélögum og öðrum á vef sjóðsins.

Eignastýringaraðili sjóðsins, eignastýring fagfjárfesta hjá Arion banka, hefur þróað aðferðafræði og innleitt verklag ábyrga fjárfestinga í starfshætti sína fyrir hönd sjóðsins þar sem horft er til þriggja grunnþátta sjálfbærni; umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Samhliða því er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja (e. UN Global Compact) hafður til hliðsjónar við eignastýringu LSBÍ. Þessi sáttmáli tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með einum eða öðrum hætti og með því má segja að í starfsemi sjóðsins sé unnið í átt að markmiðunum. Ásamt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact) er rekstraraðili sjóðsins aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og UNEP FI, United Nations Environment Programme Finance Initiative.

Á árinu 2017 var rekstraraðili LSBÍ stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar og hefur stjórn LSBÍ og starfsfólk rekstraraðila nýtt sér þann vettvang til fræðslu og skoðanaskipta. Aðilar samtakanna eru starfsleyfisskyld fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingarfélag og er tilgangur þeirra að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga með því að stuðla að aukinni umræðu um málaflökkinn.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Starfsemi LSBÍ fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf þar sem fjallað er m.a. um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál.

LSBÍ metur þær áhættur sem starfsemi sjóðsins getur stafað hættu af. Arion banki, rekstraraðili sjóðsins, hefur framkvæmt sérstakt áhættumat í tengslum við umhverfis- og félagsþætti og stjórnarhætti bankans og upplýst um niðurstöður matsins í árs- og sjálfbærni skýrslu bankans sem er fánaleg á heimasíðu Arion banka.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Ófjárhagslegar upplýsingar frh.

Við eignastýringu sjóðsins er tekið tillit til UFS þátta (umhverfis-, félagslegir hættir og stjórnunarhættir) í allri greiningarvinnu á stökum fjárfestingum eða sjóðum og kallað eftir viðeigandi upplýsingum um UFS þætti sem nýttar eru við heildarmat fjárfestingarákvarðana. Árið 2018 ákvað eignastýringaraðili að hitta og nálgast forsvarsaðila allra skráðu innlendu félaganna á Aðallista Nasdaq Iceland eftir að hafa tekið út og greint ófjárhagslega upplýsingagjöf þeirra. Fulltrúum eignastýringar var almennt vel tekið af félögnum en markmiðið var að fá félögin til að bæta ófjárhagslega upplýsingagjöf sína. Þessi vinna var endurtekin árið eftir og skilaði sér enn í bættri upplýsingagjöf. Árið 2020 var tekin sú ákvörðun að kaupa hluta af greiningarvinnu frá félaginu Reitun til þess að styrkja enn frekar ferlið við innlenda markaðinn og til að geta lagt aukna áherslu á aðra eignaflokka. Við UFS mat á öðrum eignaflokkum en skráðum innlendum félögum á Aðallista Nasdaq Iceland er einnig stuðst við greiningu Reitunar. Þau félög sem Reitun tekur ekki út en eru í eignasafni, eru metin út frá stefnum, skýrslum tengdum samfélagslegri ábyrgð og/eða öðrum viðeigandi gögnum. Hvað varðar sjóðastýringarfyrirtæki er spurningarlisti sendur út þar sem markmiðið er að svör taki til stefnu þeirra í ábyrgum fjárfestingum, svo sem hvort félög eru aðilar að UN PRI, til hvaða viðmiða sé horft í fjárfestingum ásamt því hvernig rekstraraðili eða sjóður nálgast samfélagsábyrgð í fjárfestingum.

Eignastýring Arion banka fyrir hönd LSBÍ hefur stigið frekari skref í greiningu á eignasafni sjóðsins. Meðal annars hefur verið lagt mat á kolefnisfótspor beinnar eignar í innlendum skráðum félögum og hlutfall grænna fjárfestinga í eignasafni sjóðsins áætlað. Áætluð nettó CO2 losun vegna beins eignarhlutar í árslok 2021 í innlendum skráðum félögum miðað við tölur frá félögnum fyrir árið 2020 var 83,3 tonn eða 0,3 tonn á hverja 100 m. kr. í eignasafni LSBÍ. Í framtíðinni er stefnt að því að ná enn frekar utan um kolefnisfótspor eignasafnsins.

Fræðsla til sjóðfélaga

LSBÍ telur mikilvægt að sjóðurinn sinni fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál. Í því sambandi hefur hann á undanförunum árum í samstarfi við rekstraraðila sjóðsins staðið reglulega fyrir vel sóttum opnum fræðslufundum um útgreiðslur og almennum upplýsingafundum um lífeyrissparnað. Á sl. rekstrarári voru fræðslufundir færðir að mestu á rafrænt form sökum aðstæðna og voru ívið færri.

Góðgerðarmál

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er LSBÍ ekki heimilt að inna af hendi fjárframlög til góðgerðarmála.

Starfsfólk

Rekstur LSBÍ er í höndum Arion banka skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann. Samkvæmt honum sinna starfsmenn Arion banka rekstri og eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn hefur því enga starfsmenn og því vísað til stefnu og reglna Arion banka, t.d. mannauðs-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu, almennra starfsreglna, starfs- og siðareglna fyrir starfsfólk, sem og reglna bankans um gjafir og skemmtanir og reglna um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

Mannauðsstefnan hefur að leiðarljósi að efla mannauð með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög. Jafnframt hefur Arion banki hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að búið er að kerfisbinda launaákvæðanir og innleiða jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum ÍST 85:2012 staðalsins.

Mannréttindi og spilling

LSBÍ fylgir lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og styður við og virðir mannréttindi í allri sinni starfsemi. Sjóðurinn gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar sínir virði mannréttindi, rétt til félagafrelsis og réttindi á vinnumarkaði.

Til að vinna gegn spillingu hefur stjórn sjóðsins t.a.m. sett sér starfsreglur, samskipta- og siðareglur, verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, auk þess að setja fram aðgerðir gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka o.fl. Samsvarandi reglur eru í gildi fyrir starfsmenn sem þjónusta sjóðinn að jafnaði. Þessar reglur má finna í reglum og skilmálum stjórnarháttanna hjá Arion banka. Þar má m.a. finna verklagsreglur vegna hagsmunaárekstra, reglur um viðskipti starfsmanna, aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, siðareglur o.fl.